

Stofnunar samningur

Félag Íslenskra Náttúrufræðinga annars vegar og Iðntæknistofnunar hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag um launakerfi sem tekur mið af sérstöðu, verkefnum og þörfum stofnunarinnar og starfsmanna hennar.

Samningurinn er gerður skv. Samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga þann 18. mars 2005.

1 Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna FÍN hjá Iðntæknistofnun.

2 Markmið

2.1 Almenn markmið

Markmið samningsins er að styrkja stofnunina þegar til lengri tíma er litið og skapa forsendur fyrir betri starfsskilyrðum, að stofnunin geti brugðist hratt við breytingum í innra og ytra umhverfi, auka gæði þjónustunnar, skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og að starfsmönnum gefist tækifæri til að eflast í starfi og bæta kjör sín.

T. B. D.
EHS.

2.2 Sértek markmið

- 2.2.1 Launakerfið stuðli að því að stofnunin veiti viðskiptavinum sínum úrvals þjónustu.
- 2.2.2 Launakerfið stuðli að framleiðniaukningu starfsmanna og stofnunarinnar í heild.
- 2.2.3 Launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar er varða hæfni, þjónustustig og hagræðingu.
- 2.2.4 Launakerfið sé sveigjanlegt, ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og að starfsmönnum sé ljóst hvaða þættir séu lagðir til grundvallar launaröðun.
- 2.2.5 Endurskoðun launa fari fram árlega og skal það gerast á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar ár hvert.
- 2.2.6 Launakerfi sé opið fyrir fastlaunasamningum en ákvörðun um fastlaunasamning verður að vera samkomulag milli starfsmanns og stofnunar.
- 2.2.7 Launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn að njóta í launum hlutdeildar í aukinni skilvirkni í starfsemi stofnunarinnar, samkvæmt sérstakri ákvörðun.
- 2.2.8 Launasetning sé í samræmi við jafnréttisstefnu Iðntæknistofnunar um jöfn laun kynja.
- 2.2.9 Laun félagsmanna stéttarfélaganna á Iðntæknistofnunar séu samkeppnishæf.
- 2.2.10 Jafn verðmæt störf gefi sömu laun, óháð stéttarfélagi.

3 Starfaflokkar og röðun innan starfa

Launakerfi Iðntæknistofnunar er byggt upp með eftirfarandi hætti.


3.1 Rammi 1

Í ramma 1 ráðast þeir sem sinna nánast eingöngu stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við starfssvið og/eða stefnu stofnunarinnar. Í starfinu felst ábyrgð á samskiptum við mikilvæga viðskiptaaðila svo og fjárhagsleg/ rekstrarleg ábyrgð á deild eða umfangsmiklum verkefnum.

Rammi 1 tekur til launaflokka 16-33. Starfssvið er skilgreint með eftirfarandi hætti:

3.1.1 Forstöðumaður deildar / Framkvæmdastjóri/

Forstöðumaður eða framkvæmdastjóri er í forsvari fjárhagslega og faglega fyrir deild/sviði skv. skipuriti og starf hans felst í stjórnun, áætlanagerð, eftirfylgni með áætlun, ábyrgð á að deild starfi eftir gæðakerfi stofnunarinnar, og að fylgja



stefnumörkun stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn er ábyrgur gagnvart forstjóra í starfi sínu.

3.1.2 Verkefnisstjóri I

Verkefnastjóri I hefur að jafnaði langa starfsreynslu af verkefnisstjórnun, hefur komið á umfangsmiklum verkefnum/þjónustu sem hann stýrir. Verkefnastjóri I hefur komið á og viðhaldið sambandi við mikilvæga innlenda og erlenda viðskiptavini, náð umtalsverðum árangri við fjármögnun verkefna með styrkjum og/eða umsóknum í innlenda og erlenda sjóði. Verkefnastjóri I hefur lokið slíkum verkefnum/þjónustu á árangursríkan hátt og áunnið sér gott orð fyrir frammistöðu sína sem stjórnandi.

3.1.3 Sérfræðingur I

Sérfræðingur I hefur gjarnan verkstjórn yfir samstarfsfólki. Áherslur í starfi sérfræðings I geta verið þjónusta við innri viðskiptavini, verkefnastjóra, sérfræðinga og starfsmenn innan stofnunar jafnt sem þjónusta við ytri viðskiptavini. Sérfræðingur I er í fremstu röð á sínu starfssviði hér á landi sýnir fram á það m.a. með birtingu ritrýndra fræðigreina og/ eða framsetningu efnis.

3.2 Rammi 2

Í ramma 2 raðast sérfræðingar/ verkefnastjórar sem vinna sjálfstætt. Verkefni felast m.a. í úrvinnslu gagna, töflugerð, ritun greinargerða og skýrslna. Ramma 2 tekur til launaflokka 9-24

3.2.1 Verkefnastjóri II

Verkefnastjóri II hefur byggt upp og viðhaldið tengslum við mikilvæga viðskiptavini. Viðkomandi hefur náð góðum árangri í fjármögnun og rekstri minni og meðalstórra verkefna. Verkefnastjóri II hefur lokið verkefnum með árangri.

3.2.2 Sérfræðingur II

Sérfræðingur II starfar að mestu við innri og ytri þjónustu á vegum stofnunar. Sérfræðingurinn er framarlega á sínu fagsviði og starfar ýmist einn eða í samvinnu við verkefnastjóra við úrlausn afmarkaðra mála. Sérfræðingurinn kemur sérþekkingu sinni á framfæri með innri og ytri kynningum auk birtingu efnis á vettvangi sem stofnunin viðurkennir.



3.3 Rammi 3

Í ramma 3 ráðast þeir sem sinna almennum störfum sem að jafnaði eru unnin undir stjórn annarra.

Rammi 3 tekur til launaflokka 1-16.

3.3.1 Sérfræðingur III

Sérfræðingur III, vinnur mest undir handleiðslu annarra að rannsóknum, ráðgjafastörfum, auk þjónustu við innri og ytri viðskiptavini stofnunarinnar. Verkefnið felast aðallega í öflun gagna, greiningu, úrvinnslu og almennri miðlun upplýsinga.

3.4 Lágmarksröðun

Taka skal m.a. mið af menntun og starfsreynslu við launaákvörðun auk hæfnisþátta.

- Lágmarksröðun miðast við 3 ára háskólanám, að lágmarki í launaflokk 1
- Starfsmaður með 4 ára háskólanám (BsHons,) eða 3 ára háskólanám og 2 ára starfsreynslu ráðast að lágmarki í launaflokk 6
- Starfsmaður með meistaraþróf eða 4 ára háskólanám og 2 ára starfsreynslu, eða 3 ára háskóla nám og 4 ára starfsreynslu ráðast að lágmarki í launaflokk 9.
- Starfsmaður með doktorsþróf eða meistaraþróf og 4 ára starfsreynslu, eða 4 ára háskólanám og 6 ára starfsreynslu, eða 3 ára nám og 8 ára starfsreynslu ráðast að lágmarki í launaflokk 16.

3.5 Launaviðmið

Aðilar eru sammála um að laun félaga í stéttarfélagunum hjá Iðntæknistofnun skuli taka mið af:

- ✓ launum annarra félagsmanna FÍN hjá ríkinu.
- ✓ launum félagsmanna FÍN á almennum markaði
- ✓ rekstrarumhverfi Iðntæknistofnunar.

Handwritten signatures and initials in the top right corner, including a large signature, the initials 'T. V.', and 'S.H.S.'.

3.6 Launabreytingar

Umræða um launabreytingar fer fram einu sinni á ári í kjölfar launaviðtals og er tekið mið af niðurstöðu þess við ákvörðun um launabreytingu. Launabreytingar fara fram samkvæmt hvatningakerfi Iðntæknistofnunar. Í launaviðtali hefur verið farið yfir mat sbr. Viðauka A og matið útfyllt. Matið er lagt til grundvallar rökstuðnings fyrir tímabundnum og varanlegum launabreytingum.

Verklag er eftirfarandi:

3.6.1 Frumkvæði stjórnenda

Stjórnandi, forstöðumaður, framkvæmdastjóri eða forstjóri getur átt frumkvæði að hækka laun starfsmanns í samræmi við mat á hæfni og árangri.

3.6.2 Frumkvæði starfsmanns

Starfsmaður sem óskar launabreytingar vegna árangurs í starfi eða tímabundinna þátta leggur fram ósk þar um við forstöðumann og forstjóra. Starfsmaðurinn leggur fram rökstuðning og/éða gögn sem styðja umsóknina.

3.6.3 Mat og afgreiðsla

Forstjóri og forstöðumaður deildar fjalla um ósk starfsmanns, yfirfara árangursmat og meta svigrúm til launabreytinga. Niðurstaða skal liggja fyrir innan mánaðar frá því óskað er launabreytingar. Launabreytingar fara fram samkvæmt launatöflu í Viðauka B og taka gildi frá og með næstu mánaðamótum.

3.7 Launasamráð

Aðilar skulu yfirfara sameiginlega árlega hvort launabróun á Iðntæknistofnun sé þannig að það stefni í að markmiðum um launakjör sé náð. Í gögnum komi fram kynbundin launabróun í samræmi við jafnréttisáætlun stofnunarinnar um launajafnrétti. Þessir fundir skulu haldnir árlega í framhaldi af útkomu skýrslna kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna.

3.8 Endurmenntun

Endurmenntun fer fram samkvæmt verklagsreglum í kafla 11 í Gæðahandbók Iðntæknistofnunar. Athugasemd og skýring: Í starfsmannaviðlögum er tekin ákvörðun um símenntun starfsmanna og tekið mið af hæfnisuppbyggingu stofnunar á tilteknu hæfnissviði, hæfni og þekkingu starfsmanns og fjárhagslegum ramma deildar til uppbyggingar.

3.9 Endurskoðun

Aðilar geta óskað endurskoðunar þessa samkomulags árlega í samræmi við ákvæði í aðalkjarasamningi.




4 Gildistími


Samkomulag þetta gildir frá 1. maí 2006 til 30 mars 2008 gr. kjarasamnings.

Reykjavík 12. maí 2006.

F.h. Iðntækaistofnunar



F.h. FÍN



GUÐNÍ ARNFINN SVEINSSON
Steinní Baldursson

S.D.
E.H.S.
H

Viðauki A. matskerfi

Í launaviðtali hefur verið farið yfir meðfylgjandi mat og það úrfyllt. Matið er lagt til grundvallar rökskiðnings fyrir tímabundnum og varanlegum launabreytingum-matsþættir hafa allir sama vægi.

Matsþættir	1	2	3
1 Frumkvæði að verkefnum/ þjónustu Starfsmaður á frumkvæði að verkefnum/ þjónustu, byggir upp ný þjónustuverkefni og tekur í þeim mið af stefnu deildar. Umsóknir um verkefni og árangur umsókna hjá sjóðum og frágangur á kostun. Gögn sem byggjt er á: Stefna deildar. Yfirlit yfir tillögur starfsmanns að verkefnum/ þjónustu. Samþykktar umsóknir sem verða að verkefnum. Samþykkt þjónustuverkefni og frágengin fjármögnun.			
2 Þjónusta sem starfsmaður veitir og ánægja viðskiptavina Starfsmaður veitir innri og ytri viðskiptavinum þjónustu og nær árangri á því sviði.			
3 Rekstur og framkvæmd verkefna, tímanýting og sértekjur Skipulagning og framkvæmd verkefna/ rekstur þjónustuverkefna samkvæmt gæðahandbók. Verkefni eru rekin samkvæmt samþykktri kostnaðaráætlun. Gögn sem byggjt er á: Innri og ytri úttektir samkvæmt gæðahandbók, Tímaskráning starfsmanns í NF/verkefnabókhald. Sértekjur á klst. út frá upplýsingum í NF.			
4 Samstarf við fyrirtæki, stofnanir og háskóla. Starfsmaður hefur byggjt upp samstarf við innlenda og erlenda aðila, stofnanir, háskóla og fyrirtæki. Gögn sem byggjt er á: Heimildir (svo sem samningar og þátttaka í samstarfshópum, innlendum sem alþjóðlegum) um að starfsmaður hafi byggjt upp og viðhaldið tengslum við aðila sem eru mikilvægir fyrir starfsemi deildar/ stofnunar.			
5 Kynningarstarf og birting efnis Birting greina í ritrýnd jafnt sem óritrýnd tímarit og blöð. Útgáfa skýrslna þar sem nafn stofnunar er tengt við. Fjallað er um stofnun, deild, þjónustu og/eða verkefni. Birting veggspjalda á ráðstefnu, fyrirlestur á ráðstefnu, stjórn ráðstefnu að hluta eða í heild. Fjölmíðlaviðtöl þegar viðkomandi kemur fram sem sérfræðingur stofnunarinnar. Gögn sem byggjt er á: Listi yfir kynningarstarf og birt efnis.			
6 Samstarf innan stofnunar Á frumkvæði að samstarfi innan deildar og þvert á deildir. Deilir verkefnum til annarra. Markviss uppbygging á hæfnissviði (eigin hæfni, hæfni starfsfélaga, hæfnisbygging deildar og stofnunar). Gögn sem byggjt er á: Listi yfir frumkvæði og uppbyggingu á hæfnissviði sem starfsmaður á frumkvæði að og framkvæmir. Yfirlit yfir verkefni sem aðrir taka þátt í eða vísað hefur verið til samstarfsmanna.			
7 Framleiðni og skilvirkni Framleiðni aukandi aðgerðir fyrir eigin störf og starfsfélaga. Gögn sem byggjt er á: Listi fyrir umbóta- og forvarnarverkefni sem starfsmaður hefur átt frumkvæði að/ staðið fyrir og séð um framkvæmd á.			
Heildarmat			

Handwritten notes:
 J. Þor
 T. N
 STH
 HD

A2 Launabreytingar og umbun byggðar á mati og mælingu.

Í launakerfi Iðntæknistofnunar eru þrjár launarammar. Ramma 3. tekur til launaflokka 1 til 16, ramma 2 er 9-24, ramma 1 er efstur og spannar 16-33.

Miðað er við að umræðu um launabreytingar sé lokið fyrir nóvemberlok.

a. Eingreiðsla: Ef starfsmaður sýnir mjög góðan árangur í afmörkuðum þáttum matsins (án þess að ná samanlagt 6 atriðum) getur hann fengið greiðslu að upphæð 30-360 þús kr/ vegna sérstaks framlags eða framúrskarandi árangurs. Dæmi um framúrskarandi árangur er að ná matinu 3 í það minnsta á 1 til 3 af 7 matsþáttum.

b. Launabreyting með lóðrétttri færslu innan ramma
Launabreytingar starfsmanna eru lóðréttar samkvæmt launatöflu. Ef niðurstaða allra matsþátta er í dálki 1 í Viðauka A. matskerfi, er ekki tilefni til launabreytingar.

Þegar starfsmaður fær t.d. matið 2 í þremur af sjö mögulegum matsþáttum og/ eða matið 3 í fjórum af sjö mögulegum matsþáttum í viðauka A. matskerfi, gefur það möguleika á launabreytingum.

Forsjóri ákveður hve mikil hækkunin verður.

c. Færsla milli launaramma:

Forsendur fyrir færslu milli launaramma:

Starfsmenn færast milli launaramma þegar störf þeirra breytast úr sérfræðingi 3 í verkefnastjóra 2 eða sérfræðing 2, í verkefnastjóra 1, sérfræðing 1 eða forstöðumann deildar og starfslýsingu er jafnframt breytt til samræmis.

Úr ramma 3 í ramma 2: Starfsmaður er í ramma 3 og fær matið 3 í tvö ár. Hann getur þá sótt um að færast upp í ramma 2.

Úr ramma 2 í ramma 1: Starfsmaður í ramma 2 og fær matið 3 í tvö ár. Hann getur þá sótt um að færast upp í ramma 1.

Verði tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar er heimilt að greiða sérstaka umbun sem hlutfall af launum með sérstakri ráðstöfun.

Handwritten signature and initials in the top right corner. The signature appears to be 'J. S. J.' and the initials below it are 'M.D. T.S.' with a circled '10' to the right.

Viðauki B

(Viðauki II með samkomulagi undirrituðu 28. febrúar 2005)

Lfl.	< 30 ára				
	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
01	200.000	203.000	206.045	209.136	212.273
02	206.045	209.136	212.273	215.457	218.689
03	212.273	215.457	218.689	221.969	225.299
04	218.689	221.969	225.299	228.678	232.108
05	225.299	228.678	232.108	235.590	239.124
06	232.108	235.590	239.124	242.711	246.352
07	239.124	242.711	246.352	250.047	253.798
08	246.352	250.047	253.798	257.605	261.469
09	253.798	257.605	261.469	265.391	269.372
10	261.469	265.391	269.372	273.413	277.514
11	269.372	273.413	277.514	281.677	285.902
12	277.514	281.677	285.902	290.191	294.544
13	285.902	290.191	294.544	298.962	303.446
14	294.544	298.962	303.446	307.998	312.618
15	303.446	307.998	312.618	317.307	322.067
16	312.618	317.307	322.067	326.898	331.801
17	322.067	326.898	331.801	336.778	341.830
18	331.801	336.778	341.830	346.957	352.161
19	341.830	346.957	352.161	357.443	362.805
20	352.161	357.443	362.805	368.247	373.771
21	362.805	368.247	373.771	379.378	385.069
22	373.771	379.378	385.069	390.845	396.708
23	385.069	390.845	396.708	402.659	408.699
24	396.708	402.659	408.699	414.829	421.051
25	408.699	414.829	421.051	427.367	433.778
26	421.051	427.367	433.778	440.285	446.889
27	433.778	440.285	446.889	453.592	460.396
28	446.889	453.592	460.396	467.302	474.312
29	460.396	467.302	474.312	481.427	488.648
30	474.312	481.427	488.648	495.978	503.418
31	488.648	495.978	503.418	510.969	518.634
32	503.418	510.969	518.634	526.414	534.310
33	518.634	526.414	534.310	542.325	550.460

Handwritten signature and initials:
 J. S. T. B.
 HD
 BHS